



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
15 - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. mars 2007

Tilvísun: UST20070200203/sf

Virkjun í Svelgsá í Helgafellssveit. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 23. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000.

Framkvæmdalýsing

Fyrirhuguð virkjun er í Svelgsá í Helgafellssveit. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að áin er lindará en í neðsta hluta árinna gætir einnig áhrifa dragár á rennsli hennar. Um er að ræða rennslisvirkjun og því ekki gert ráð fyrir miðlun í ánni. Stærð fyrirhugaðrar virkjunar er um 530 kW.

Samkvæmt gögnum framkvæmdaraðila verður byggð jarðvegsstífla með steinsteyptu inntaki og yfirfalli nokkru ofan við svokallaðan Nátthagafoss. Stíflan hefur því hlutverki að gegna að beina vatni að inntaksröri, sem liggur að stöðvarhúsi og einnig að tryggja að nægilegt dýpi verði við inntak til að forða að ísmyndun geti truflað rennsli að virkjuninni. Þaðan verður vatn leitt í röri (u.þ.b. 600 mm í þvermál) að virkjunarhúsinu sem staðsett verður u.þ.b. 85 m neðar en stíflan. Rörið verða um 750 m að lengd og grafin í jörð. Virkjunarhúsið verður um 40-60 m². Endanleg hönnun virkjunarinnar liggur ekki fyrir.

Lengja þarf slóða sem liggur frá þjóðvegi og að þeim stað sem stöðvarhúsið verður. Frá stöðvarhúsinu þarf að leggja slóða upp með aðrennslisrörið að inntaksmannvirki virkjunarinnar. Slóðinn verður lagður um leið og hreinsað verður og jafnað undir aðfallsrörið. Umframjarðvegur verður notaður til að hylja rörið. Reikna má með að fylla þurfi á einhverjum köflum undir rörið með grús.

Í gögnum framkvæmdaraðila koma ekki fram upplýsingar um stærð stíflunnar, þ.e. hæð hennar og breidd. Fram kemur að grafið verði fyrir stöðvarhúsi á hefðbundinn hátt og uppgrafinn jarðvegur verði notaður til fyllingar í kringum stöðvarhúsið. Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram hvort stöðvarhúsið verði að einhverju leyti niðurgrafið. Einnig vantar upplýsingar um hvað koma þarf miklu efni fyrir á svæðinu vegna uppgraftrar og

hvernig land verður mótað í kringum stöðvarhúsið. Einnig væri æskilegt að fá upplýsingar um útlit hússins, þó endanleg hönnun liggi ekki fyrir. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að lagðar verði fram upplýsingar um ofangreind atriði.

Efnistaka

Samkvæmt því sem fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila verður efni til slóðagerðar og fyllingar undir aðfallsrör tekið úr farvegi Svelgsár. Grús sem þarf til fyllingar í vegna stöðvarhúss verður aðflutt. Ekki kemur fram hve mikið efni þarf til framkvæmdanna. Umhverfisstofnun telur að leggja verði fram upplýsingar um efnisþörf vegna framkvæmdarinnar, þ.e. hve mikið efni þarf í gerð stíflu, vegslóða og til annarrar mannvirkjagerðar. Einnig vantar upplýsingar um hvaðan aðflutt efni verður fengið. Jafnframt vantar upplýsingar um það hvar í farvegi Svelgsár efni verður tekið, hvort þar er nægjanlegt efni og hver eru hugsanleg áhrif efnistöku í farveginum.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að reiknað sé með því að efni í stífluna fáist að mestu með því að ýta upp efni á staðnum og að það sár sem myndist verði að mestu undir vatni að framkvæmdum loknum. Umhverfisstofnun telur að skýra verði á hvað stóru svæði efni verður ýtt upp og hversu stórt svæði talið er að verði undir vatni að framkvæmdum loknum.

Tenging við raforkukerfi

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að RARIK muni taka við orkunni við vegg stöðvarhúss og sjá um tengingar og kosta lögn að dreifikerfinu.

Umhverfisstofnun telur að gera verði frekari grein fyrir þeim mannvirkjum sem nauðsynleg eru vegna tengingar virkjunarinnar við dreifikerfið, staðsetningu jarðstrengs og því jarðraski sem búast má við vegna þeirra framkvæmda.

Náttúrufar

Með gögnum framkvæmdaraðila fylgir afrit að gróðurkortu RALA í mkv. 1:25.000 frá 1988. Inn á kortið er teiknuð gróf staðsetning virkjunarinnar. Í lýsingu á staðháttum segir m.a. að um sé að ræða móa sem hafi ekki verið nýttur nema sem beitiland sauðfjár. Ekkert votlendi sé á þeim kafla sem um ræðir. Fuglalíf svæðisins sé eins og á öðrum hliðstæðum svæðum á landinu. Einnig kemur fram að ekki sé veiði í Svelgsá á því svæði sem virkjunin hefur áhrif á. Sjónræn áhrif verði aðallega þau að stöðvarhúsið muni sjást þar sem það mun standa við ána.

Samkvæmt gróðurkortu RALA einkennist gróður við bakka árinna af graslendi og sef- og starmóum Austan árinna er þó töluvert votlendi, en samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri, sérstakrar verndar. Svo virðist sem lagnaleið og fyrirhuguð stífla séu við jaðar votlendisins, en Umhverfisstofnun telur að af gögnunum sé ekki hægt að ráða hvort hætta er á röskun votlendis vegna framkvæmdanna, s.s. vegna lagningar vegslóða. Í tengslum við fyrirhugaða virkjun í Svelgsá hafa ekki farið fram sérstakar rannsóknir á gróðri eða dýralífi. Ekki liggur því fyrir hvort á svæðinu er að finna plöntur sem eru friðlýstar eða á valista en að mati Umhverfisstofnunar eru slíkar upplýsingar nauðsynlegar til að hægt sé að meta áhrif framkvæmdarinnar á gróður. Slíkar upplýsingar gætu legið fyrir hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Bakkar árinna eru vel grónir niður að vatnsborði eins og bent er á í gögnum framkvæmdaraðila. Þar sem búast má við að einhverjar sveiflur verði í vatnsstöðu vegna breytinga á náttúrulegu rennsli er við því að búast að eitthvert rof verði á bökkunum.

Umhverfisstofnun óskar því eftir upplýsingum um hvort gert sé ráð fyrir bakkavörnum til að koma í veg fyrir landbrot. Stofnunin bendir auk þess á að allt rask á svæðinu eykur hættu á rofi og úrrennsli.

Samkvæmt 37. gr. laga um náttúruvernd njóta eldhraun sérstakrar verndar, sem og fossar. Framkvæmdasvæðið er í jaðri Svelgsárhrauns sem fellur undir það ákvæði laganna. Umhverfisstofnun telur ekki ásættanlegt að hrauninu verði raskað við framkvæmdir vegna virkjunarinnar.

Svokallaður Náthagafoss er í Svelgsá, en hann er á skrá yfir fossa á Íslandi sem Náttúruverndarráð gaf út 1978 (sjá fjölrít Náttúruverndarráðs nr. 2, Fossar á Íslandi) en á skránni eru fossar sem æskilegt er talið að friðlýsa. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að vatnsmagn muni minnka í núverandi farvegi árinna á því svæði sem áhrifa virkjunarinnar gæti. Umhverfisstofnun telur að leggja verði fram upplýsingar um þá breytingu sem verður í vatnsmagni á þeim kafla og hvaða áhrif það hefur á útlit fossins.


Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að lagðar verði fram ítarlegri upplýsingar um fyrirhugaða virkjun í Svelgsá og mannvirkjagerð henni samhliða, s.s. stærð fyrirhugaðrar stíflu, efnisþörf og efnistöku, legu sem og lengd og breidd fyrirhugaðra vega og útlit stöðvarhúss, sbr. einnig athugasemdir hér að framan. Einnig vantar upplýsingar um hugsanleg áhrif fyrirhugaðrar efnistöku í árfarvegi Svelgsár. Þá vantar nánari upplýsingar um náttúrufar á framkvæmdasvæðinu og hvernig staðið verður að frágangi að framkvæmdum loknum. Ekki liggur fyrir hvort á svæðinu er að finna plöntur sem eru friðlýstar eða á valista en að mati Umhverfisstofnunar eru slíkar upplýsingar nauðsynlegar til að hægt sé að meta áhrif framkvæmdarinnar á gróður. Þá þarf að gera nánari grein fyrir staðsetningu mannvirkja m.t.t. til hugsanlegrar röskunar á votlendi. Einnig þarf að gera grein fyrir áhrifum virkjunarinnar á rennsli í Náthagafossi en skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta fossar sérstakrar verndar.

Virðingarfyllst,



Helgi Jensson
forstöðumaður



Sigurrós Friðriksdóttir
fagstjóri